

Leikskólinn Vinaminni

Starfsáætlun
skólaárið 2020-2021



Gildi: Virðing, gleði, traust
Einkunnarorð: Leikurinn á vísdóm veit

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	2
2	Innra mat á deildum	4
3	Ytra mat	20
4	Starfsmannasamtöl og fræðsla	20
5	Samstarf/skil til grunnskóla	22
6	Foreldrasamvinna	23
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	27
8	Fylgigögn	28

1 Greinargerð leikskólastjóra

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er hverjum leikskóla skylt að starfa samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla*. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Námskrá leikskólans Vinaminnis mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í aðalnámskrá leikskóla, af stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi leikskólans, þann faglega og persónulega bakgrunn sem mótar viðhorf leikskólakennaranna og starf. Skólanámskrá er endurgerð á 3ja til 5 ára fresti.

Í aðalnámskrá leikskóla menntamálaráðuneytisins segir að leikskóli sé fyrsta skólastigið og að hagur barna og velferð barnanna skuli haft að leiðarljósi. Starfshættir og skipulag mótast af umhyggju, virðingu og lýðræðislegu samstarfi allra hagsmunaaðila. Auk þess segir að grunnþættir menntunar séu: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í Vinaminni eru þessir þættir hafðir að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Starfsáætlun er gefin út 30. júní ár hvert þar sem fram kemur umbótaáætlun á leikskólastarfinu í leikskólanum síðastliðið skólaár.

Skólaárið 2019-2020 fór vel af stað, allir börn og starfsmenn komu endurnærð úr fríi sumarsins og voru tilbúin til að takast á við vetrarstarfið. Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 komu fram þær áherslur og markmið sem starfsfólk skólans hafði sett sér í starfi skólans. Má þar nefna gildi leikskólans, *virðing, gleði, traust*, og leiðarljósið skólans, *leikurinn á vísdom veit* en þau eru sýnileg á deildum skólans og unnið er með þau í öllu starfinu með börnunum.

Endurbætur eins og skráningar á deildum fyrir foreldra, þátttaka barnanna í skipulagningu starfsins fór vel af stað ásamt öðrum áherslum í starfinu sem komu fram í starfsáætluninni.

Starf leikskólans breyttist skyndilega þegar Covid 19 ruddist inn í landið með miklum látum. Stjórnendur skólans brugðust snögg við og endurskipulögðu skólastarfið í takt við tilmæli almannavarna og sóttvarnarlæknis. Ákveðið var að foreldrar kæmu ekki inn í leikskólann heldur væri tekið á móti hverju og einu barni við neyðarútgang hverrar deildar fyrir sig. Einnig gengu börn og starfsmenn um neyðarútganga dags daglega. Starfsmenn hverrar deildar fyrir sig hengdu myndir eftir börnin í glugga skólans svo foreldrar gætu notið þeirra á þeim tíma sem þeir komu ekki inn í skólann.

Opnunartími leikskólans var stytur og var skólinn opnaður klukkan átta í stað hálfátta áður. Þau börn sem áttu dvalartíma frá hálfátta gátu verið hálf tíma lengur fram á daginn. Börnin borðuðu morgunverð heima þennan tíma til að auðvelda starfsmönnum að koma börnunum strax á sín leiksvæði þegar þau komu í skólann. Foreldrar komu daglega með hreint vatn í vatnsbrúsum barnanna og hrein snuð

fyrir þau börn sem þess þurftu. Börnin komu aðeins með þau föt sem þau komu til með að nota yfir daginn og voru fatapokar fyrir útiföt barnanna og mottur fyrir útiskó á hverri deild. Þar sem fataklefi barnanna var ekki nýttur fyrir föt barnanna var hann útbúinn sem leiksvæði og einnig listasmiðjan og fundarherbergið. Nokkur börn af Dvergasteini voru færð með einum starfsmanni á Völustein og börn af Völusteini voru færð með starfsmanni á Töfrastein. Leikskólastarfið var skipulagt þannig að öll börn skólans gátu haft tækifæri til að mæta daglega í leikskólann og allir starfsmenn mættu einnig daglega til vinnu. Á elstu deild skólans voru börnin eina viku í senn á ákveðnu leiksvæði og skiptu svo um leiksvæði í þeirri næstu o.s.frv. Starfsmenn skiptu einnig um starfsstöð vikulega og alltaf voru tveir starfsmenn á hverju leiksvæði og 6-10 börn.

Lokað var alveg á milli eldri og yngri álmu skólans, aðeins matarvagnarnir fóru á milli og þá með miklum varúðarráðstöfunum. Ákveðinn starfsmaður (með andlitsgrímu og hreinar og sprittaðar hendur) fór með matarvagnana í brunastúku milli eldri og yngri hluta skólans og bankaði á dyrnar á Völusteini til að láta vita að vagnarnir væru komnir. Ákveðinn starfsmaður á Völusteini (með andlitsgrímu og hreinar og sprittaðar hendur) tók við vögnunum og fór með þá á áfram og lét vita af þeim. Borðað var á öllum leiksvæðum og lítill sem enginn umgangur milli svæða, aðeins þegar starfsmenn skiptust á að fara í kaffi og þegar maturinn kom inn á leiksvæðin. Útbúin var kaffiaðstaða fyrir starfsmenn í báðum hlutum skólans. Þetta skipulag hentaði ótrúlega vel og var auðvelt í framkvæmd

Foreldrar nokkurra barna ákváðu að halda börnum sínum heima meðan ástandið var sem verst en önnur mættu í skólann sinn á hverjum degi. Aðeins þrjú börn skólans þurftu að fara í sóttkví með foreldrum sínum í tvær vikur og tveir starfsmenn sem komu erlendis frá þurftu einnig að fara í sóttkví. Einn starfsmaður fór í sjálfskipaða sóttkví á meðan faraldurinn gekk yfir. Enginn starfsmaður né barn fékk Covid 19 í leikskólanum Vinaminni sem sýnir okkur að skipulagning starfsins skilaði árangri og verður tekin aftur upp ef þess þarf.

Snertifletir leikskólans voru sótthreinsaðir daglega, fyrst á morgnana og aftur þegar börnin voru úti að leika þá var einn starfsmaður af hverju leiksvæði inni að sótthreinsa snertifleti og leikföng. Börn og starfsmenn þvoðu hendur við komuna í leikskólann og eins oft og þurfa þótti yfir daginn. Börnin gátu ekki skammtað sér sjálf á diskana í matartímum á þessum tíma og hætt var að burstu tennur þeirra. Útikennsla og vettvangsferðir voru skipulagðar daglega til að takmarka fjölda barnanna samtímis í garðinum en samt sem áður að tryggja börnunum útiveru og hreyfingu.

Þessi tími sem Covid 19 stóð sem hæst gekk ótrúlega vel í Vinaminni og að sjálfsögðu lærðu starfsmenn mikið á þessum tíma og sumt er komið til að vera eins og aukinn handþvottur og ýmis skipulagning á deildum. Vegna þessa ástands féll sveitaferð niður og ekki var hægt að hafa OPIP HÚS í Vinaminni þetta árið. Var

Því skipulögð dagsferð í júní fyrir hverja deild fyrir sig upp í Heiðmörk. Foreldrar keyrðu börnin upp í Heiðmörk að morgni þar sem starfsfólk tók á móti þeim. Börn og starfsmenn fóru í gönguferðir, mislangar eftir aldri og getu barnanna. Hafðar voru með í för fuglabækur og blómabækur sem urðu mjög vinsælar hjá börnunum. Ef börnin sáu blóm eða fugl sem þau höfðu ekki séð áður var flett upp í bókunum til að athuga heiti þeirra. Yngri börnin sem taka sér hvíld eftir hádegisverðinn lögðu sig í tjöldum á miðri leið og söfnuðu orku fyrir seinni part göngunnar í Furulund. Klukkan 15:00 komu foreldrar í Furulund þar sem allir snæddu saman grillaðar pylsur og síðan fór hver til síns heima. Þessar ferðir voru mjög skemmtilegar og spurning hvort þær séu komnar til að vera og jafnvel í staðinn fyrir sveitaferð.


Starfsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 verður endurtekin skólaárið 2020-2021 þar sem vágsturinn Covid 19 setti stórt strík í starfsemi skólans síðastliðið skólaár og ekki var hægt að framfylgja starfsáætluninni.

2 Innra mat á deildum

Álfasteinn, eins til tveggja ára gömul börn.

Á Álfasteini gekk vetrarstarfið nokkuð vel fyrir sig. Aðlöguninni var að mestu lokið í byrjun október. Börnin undu glöð og kát í leikskólanum sínum. Jafnóðum og börnin voru orðin nokkuð örugg með sig í skólanum fengu þau fjölbreytt leikskólastarf.

Sjá aðlögun í kafla um foreldrasamstarf.



Málörvun með söng og sagnalestri átti stóran sess í starfinu á Álfasteini og voru starfsmenn duglegir að hafa orð á hlutum og athöfnum. Útiveran var vel nýtt þegar veður leyfði og fljótlega fóru börnin að munda pensilinn í smíðjunni. Skipulagið á deildinni var nokkuð gott. Börnin voru í tveimur hópum annar í innri stofu og hinn í fremri stofu. Mismunandi viðfangsefni voru í hvorri stofu. Þegar börnin höfðu

leikið góða stund í fremri stofu skiptu þau yfir í innri stofu og öfugt. Þetta skipulag virkaði vel.



Börnin á Álfasteini taka alltaf mikið stökk í þroska á þessum tíma og um áramót þurfa þau að fá meira krefjandi viðfangsefni, meiri texta í sagnalestri og fjölbreyttari myndlistarviðfangsefni til að kljást við. Sú regla ríkir á Álfasteini að „baða“ börnin í íslensku máli og hafa orð á hlutum og athöfnum daginn út og inn. Þannig ná börnin fyrr tökum á íslensku máli sem er undirstaða velferðar í lífinu. Barnahópurinn á Álfasteini var einstaklega samrýmdur þetta skólaár og börnin nutu vel samveru og samleikja við hvert annað.



Eins og önnur ár þurftu börnin mörg hver að leggja sig snemma í dagdúrin sinn í byrjun og var hádegisverðurinn á Álfasteini kl: 11:15 fyrst í stað. Þegar líða fór á veturinn jókst úthald barnanna svo hádegisverðinum var seinkað smátt og smátt til 11:40.



Covid 19 ástandið gekk svo yfir okkur og breytinga var þörf eins og á öðrum deildum. Foreldrar komu með börnin sín að flóttaleið á Völusteini og þar tók alltaf sami starfsmaðurinn á móti börnunum og fór með þau inn á Álfastein. Börnunum var skipt í tvær stofur 8 börn í hvorum hópi og tveir starfsmenn á hvoru svæði. Sem allra minnstur umgangur var á milli stofa og var reynt að passa að aðeins starfsmaður annarrar stofunnar væri með börn á snyrtingunni í einu. Börnin þvoðu hendur þegar þau komu í skólann, snertifletir og leikföng voru sótthreinsuð daglega. Börnin borðuðu og hvíldu sig í sinni stofu.

Sumir foreldra ákváðu að halda börnum sínum heima meðan ástandið var sem verst og þá fækkaði í barnahópunum alveg niður í 3 börn í hvorri stofu. Starfsmenn mættu daglega til vinnu og gekk þetta skipulag mjög vel fyrir sig.

Starfsmenn deildarinnar ákváðu að halda ýmsum þáttum áfram í starfinu eftir að samkomubanninu var aflétt eins og til dæmis að borða og hafa hvíld í báðum stofunum og vinna meira með börnunum í litlum barnahópum þ.e. skipta börnunum meira niður í fámenna barnahópa. Starfsmenn voru sammála um að þetta fyrirkomulag hentaði mjög vel og þeir ætla að halda því áfram.



Mömmur og ömmur komu og lögðu sitt af mörkum í föndri og bakstri fyrir jólin



Foreldrar komu dagspart í desember, þeir bökuðu piparkökur og föndruðu með börnunum sínum.

Starfsáætlun skólaárið 2019-2020 verður endurtekin skólaárið 2020-2021 fyrir börn á Álfasteini.

Sjá fylgiskjal 1

Dvergasteinn eins og háls til tveggja ára gömul börn.

Á Dvergasteini eru 18 börn samtímis. Haustið 2019 fóru 16 börn af Dvergasteini yfir á Völustein og gekk sú aðlögun mjög vel því mikil og góð samvinna hafði verið á milli deildanna yfir síðastliðið skólaár og börnin þekktu nýju deildina sína mjög vel. Börnin sem komu frá Álfasteini voru 13 og komu þau í litlum hópum yfir á Dvergastein. Þá komu 5 ný börn beint inn á Dvergastein. Aðlögun gekk vel fyrir sig og börnin urðu fljótlega hluti af hópnum. Í upphafi októbermánaðar var byrjað að setja upp myndrænt dagskipulag á morgnana með börnunum. Börnin voru mjög spennt fyrir myndunum og fljót að læra hvað hver mynd þýddi.

Ákveðið var að hafa alltaf sama upphafslag og lokslag í alstundum á morgnana svo börnin ættu auðveldara með að gera sér grein fyrir upphafi og endi stundanna, Farið var yfir dagskipulagið og TMT myndirnar (TMT = tákn með tali) og að lokum sungið lokslag. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel með barnahópnum.

Farið var af stað með stöðvavinnu strax að aðlögun lokinni. Settar voru upp fjórar stöðvar á deildinni tvær á borði og tvær á gólfi. Unnið var á hverri stöð í 10 mínútur í einu en tíminn lengdur smátt og smátt upp í 15 mínútur. Þannig fengu börnin fjölbreytt viðfangsefni sem náði til sem flestra þroskþátta þeirra.

Um áramótin voru börnin orðin mjög fær í stöðvavinnu svo ákveðið var að bjóða þeim að taka þátt í samvali inni á Völusteini. Settar voru upp myndir af þeim svæðum og viðfangsefnum sem voru í boði og börnin settu nafnspjaldið sitt á myndina af því sem þau völdu að leika. Þetta gekk mjög vel og í framhaldi var sett upp val á Dvergasteini. Starfsmenn á Dvergasteini voru með smá efasemdir um að valið myndi ganga á deildinni en allt gekk þetta upp og plássið á deildinni nýttist vel. Börnin fóru líka í útikennslu, þeim var skipt í þrjá hópa og fór hver hópur einu sinni í viku í útikennslu. Í útikennslunni var alltaf sami starfsmaðurinn með

börnunum og áhersla lögð á að börnin færu í fámennum hópi út fyrir garðinn, að þau lærðu að fara eftir fyrirmælum og þau fengju tækifæri til að veita umhverfinu og náttúrunni athygli í útikennslunni. Börnunum fannst útikennslan mjög skemmtileg en því miður var veðrið ekki alltaf hliðhollt okkur svo útikennslan féll stundum niður.

Eitt barna á deildinni er með heyrnarskerðingu og var því ákveðið að taka upp TMT fyrir öll börnin á deildinni. Börnin voru fljót að tileinka sér táknið og var ákveðið að leggja inn þrjú tákni á viku fyrir þau.

Þær breytingar voru gerðar á deildinni að seinka þurfti hádegisverðinum vegna þess hve börnin flugu áfram í þroska og þeim gekk ekki vel að sofna eftir hádegisverðinn. Var hádegisverðinum því seinkað frá kl. 11:30 til kl. 12:00. Einnig ákvað starfsfólk deildarinnar að skipta börnunum í hópa eftir aldri í hádegisverðinum. Í stað þess að hafa blandaðan aldur við matarborðin borðuðu nú eldri börnin saman í fremri stofu við tvö borð og einn starfsmaður var við hvort borð og yngri börnin borðuðu við eitt borði í innri stofu með tveimur starfsmönnum. Þannig myndaðist öðruvísi stemning við matarborðið og hjá eldri börnunum var meira spjall og skemmtilegheit. Þetta reyndist vel. Starfsmenn ákváðu að breyta hvíldinni eftir hádegisverðinn og láta börnin sofa í fremri stofu í stað innri stofu áður. Var það gert af því stundum barst hávaði frá snyrtingunni á Völusteini þegar börnin þar voru á snyrtingunni fyrir hádegisverðinn. En þegar börnin á báðum deildum borðuðu og fóru í hvíld á sama tíma komst ró á báðar deildir í einu svo það skipti ekki máli í hvorri stofunni hvíldin var.

Þær breytingar urðu á starfsfólki deildarinnar að einn starfsmaður minnkaði við sig starfshlutfall um áramót og fór svo í fæðingarorlof 1. mars 2020. Annar starfsmaður óskaði eftir flutningi á aðra deild vegna heilsufarsástæðna. Í staðinn fyrir þessa frábæru starfsmenn komu aðrir frábærir starfsmenn á deildina sem báðir höfðu unnið lengi á Vinaminni.

Ansi miklar breytingar áttu sér stað þegar samkomubannið var sett á vegna Covid 19. Börnin komu inn um flóttaleið á sína deild og höfðu aðeins meðferðis föt fyrir daginn, vatnsbrúsann og snuð en foreldrar tóku það heim daglega þrifu það og komu með hreint snuð og vatnsbrúsann með hreinu vatni í næsta dag. Foreldrar komu ekki inn í leikskólann þennan tíma og hélst það frá miðjum mars til maíloka. Barnahópnum var skipt upp í þrjá hópa, fjögur börn voru flutt á Völustein með einum starfsmanni deildarinnar. Sex börn voru í fremri stofu og átta börn í innri stofu og tveir starfsmenn á hvorum stað. Haldið var eins mikilli fjarlægð milli barnahópanna og frekast var unnt. Börnin voru í sinni stofu í leik, í matartímum og í hvíldinni. Mikil áhersla var lögð á að barnahóparnir hittust sem minnst í útiverunni og var garðinum skipt milli barnahópa skólans þannig að einn barnahópur í einu var í garðinum á meðan hinir fóru í vettvangsferðir og aðrir leikvellar heimsóttir. Börnin vöndust því fljótt að byrja daginn á að þvo hendur og handþvottur var aukinn til

muna. Einnig var starfsfólk mjög duglegt að þrifa og sótthreinsa snertifleti og leikföng á deildinni. Öll börn gátu mætt alla daga í leikskólann vegna þessa skipulags og starfsfólk lagði sig fram við að fara varlega, nota sápu og spritt og hald sig heima þegar það var ekki í vinnunni. Þannig tókst okkur að koma í veg fyrir að Covid 19 mætti í Vinaminni.

Ýmislegt sem þurfti að taka upp í samkomubanninu finnst starfsmönnum hafa reynst mjög vel eins og t.d. að láta börnin hvíla sig í báðum stofunum. Börnin sofa mislengi og hægt er að láta þau börn sem sofa lengur vera í innri stofu og þau börn sem sofa styttra geta verið í fremri stofu. Einnig hefur reynst mjög vel að vinna með börnunum í litlum hópum því þannig skapast meiri ró og verður því haldið áfram sem og handþvottinum. Það er allt hægt í Vinaminni ef viljinn er fyrir hendi.

Starfið á Dvergasteini verður unnið næsta skólaár samkvæmt starfsáætlun skólaárið 2019-2020

Sjá fylgiskjal 2.

Völusteinn tveggja til þriggja ára gömul börn.

Á Völusteini fór haustið vel af stað eins og endranær. Börnin sem komu frá Dvergasteini voru mjög fljót að aðlagast enda hafði verið mikið og gott samstarf milli þessara tveggja deilda. Lagt var upp með mikið og gott vísindastarf einu sinni í viku sem börnin á Völusteinn og Töfrasteinn tóku þátt í. Sett var upp smíðaverkstæði með öllum smíðaverkfærum, smíðir komu í heimsókn og sýndu börnunum hvernig ætti að handleika verkfærin, nota hlífðargleraugu og vinnuhanska. Unnið var með fullt af allskonar verðlausu efni í Smíðjunni. Gömul tæki voru rifin í sundur og skoðuð niður í kjölinn en til þess voru notuð skrúfjárn, tangir og allt tilheyrandi. Einingakubbar voru á einni verkstöðinni og tilraunir ýmiss konar (t.d. með vatn og liti og margt fleira) á þeirri næstu. Þarna fór fram mikið og fjölbreytt vísindastarf. Deildarstjóranum á Töfrasteini þótti fara of mikill tími í þetta starf á kostnað frjálsa leiksins svo börnin á Töfrasteini hættu að taka þátt í vísindastarfinu í lok nóvember 2019.

Stöðvavinnan á Völusteini gekk nokkuð vel en samt voru starfsmenn stundum óöryggir með sitt hlutverk. Börnin voru áhugasöm og tóku þátt, þau skiptust á að ákveða hvað væri í boði í stöðvavinnunni og eins í vali. Skráð var niður hvaða börn völdu viðfangsefnin hverju sinni svo hægt væri að fylgjast með því að allir fengju tækifæri til að velja viðfangsefni. Í milligangi/brunastúku inn á Völusteinn voru settar upp upplýsingar til foreldra eins og t.d. hvað börnin völdu að gera yfir daginn, hverjir voru í útikennslu, hópastarfi, stöðvavinnu, vali o.s.frv. Þarna eru líka hengdar upp myndir af börnunum í starfi.



Foreldrar komu dagspart í desember og föndruðu og bökuðu með börnunum sínum.



Mæðgin að vinna saman

Um áramót hætti deildarstjórinn á Töfrasteini störfum í Vinaminni og flutti búferlum út á land. Deildarstjórinn á Völusteini tók við deildarstjórninni á Töfrasteini og einn starfsmaður á Völusteini sem hefur góða reynslu í leikskólanum tók við deildarstjórastöðunni á Völusteini. Fyrsta apríl 2020 kom lærður leikskólakennari og tók við deildarstjórninni á Völusteini.

Eftir áramótin voru gerðar ýmsar breytingar á starfinu á Völusteini. Hópastarfinu var skipt upp á daga og stöðvavinnunni var breytt þannig að hún var ekki á sama degi og hópastarfið, þannig fengu börnin meira rými fyrir leikinn og allir starfsmenn gátu tekið þátt í stöðvavinnunni og öðluðust meira öryggi.



Útbúið var afmælisdagatal með myndum af börnunum og hengt upp á vegg á Völusteini einnig voru prentaðar myndir af börnunum fyrir fatahólf barnanna. Allir dótakassar voru merktir með myndum af þeim efniviði sem er í hverjum kassa svo börnin sjái betur hvað er í hverjum kassa og eigi auðveldara með að velja sér viðfangsefni. Öllum myndum sem hafa verið prentaðar út af börnunum í leik og starfi er safnað saman í bók á deildinni.

Í janúar og febrúar var oft mjög vont verður svo lítið var um útikennslu og útiveru þann tíma, einnig voru mikil veikindi á börnum og starfsmönnum þennan tíma.

Í mars skall óværan Covid 19 yfir sem setti svo sannarleg verulegt strik í starfsemi skólans. Börnin komu inn um flóttaleið á Völusteini og foreldrar komu ekki inn í skólann. Börnunum var skipt upp í litla hópa 4-6 börn í hverjum hópi. Foreldrar nokkurra barna héldu þeim heima meðan versta ástandið varði svo færri börn voru í hverjum hópi á tímabili. Handþvottur var aukinn til muna og leikföng voru sótt-hreinsuð vikulega og snertifletir sótthreinsaðir tvisvar á dag. Fjarlægðir milli barnahópa voru skipulagðar og allt gekk þetta vel. Allt skipulagt skólastarf féll niður en í staðinn var mikið lesið fyrir börnin, föndrað, farið í vettvangsferðir og útiveru.

Þann 1. apríl 2020 kom nýr deildarstjóri, leikskólakennari á Völustein sem hefur mikla og góða reynslu af leikskólastarfi. Hann kom til starfa á þessum ótrúlega tíma Covid 19 þegar allir voru lokaðir af á sínu leiksvæði með fáum börnum og fékk hann þess vegna góðan tíma til að kynnst börnunum vel sem er undirstaða í áframhaldandi starfi með þeim.



Útikennsla

Í maí var hópastarfið tekið upp aftur eftir að samkomubanninu var aflétt og þá voru einnig Lubbastundir með börnunum og útikennslunni var haldið áfram.

Starfið á Völusteini verður unnið næsta skólaár samkvæmt starfsáætlun 2019-2020

Sjá fylgiskjal 3.

Töfrasteinn þriggja til fimm ára gömul börn

Skólastarfið skólaárið 2019-2020 gekk vel fyrir sig. Laga þurfti deildina að þremur aldurshópum þriggja til sex ára gamalla barna með hópaskiptingu og skipulagi varðandi „heimastofur“ en eftir að það var komið í fast horf gekk allt vel fyrir sig.

Skipulagt var hópastarf með barnahópunum einu sinni í viku og Vísdomsstundir tvisvar í viku eins og verið hefur. Hópastarfið féll mikið niður á haustönninni þar sem deildarstjórinn var mikið frá vinnu. Útikennslan varð fastur liður í starfinu og börnin nutu þess vel. Þau fóru út í náttúruna með fræðibækur um fugla og gróður stækkunargler og litlar fötur fyrir það sem þau fundu í náttúrunni og vildu taka með sér í leikskólann og kanna betur svo af nægu var að taka.



Þorra var blótað á Bóndadaginn

Hringekjan var á sínum stað en þá eru settar upp málörvunarstöðvar á deildinni. Ein stöðin var t.d. með Lubba-verkefni, önnur með rím og orðhlutaeyðingu, sú þriðja var sagnalestur og spurt út úr sögunni, sú fjórða að börnin teiknuðu upplifanir sínar úr sögunni og sögðu frá teikningum sínum sem var síðan skráð og sú fimmta var ýmiss konar spil.



Öskudagshátíð. Kötturinn sleginn úr tunnunni með mikilli hvatningu viðstaddra

Myndrænt dagskipulag var nú fastur liður í starfinu á deildinni og börnin nýttu sér það mikið, ef þau mundu ekki hvað var næst á dagskránni fóru þau og kíktu á myndræna dagskipulagið. Börnin skiptust á að vera umsjónarmenn og veðurfræðingar. Skráð var hverju sinni hver var umsjónarmaður og hver veðurfræðingur svo lýðræði réði ríkjum.

Umsjónarmennirnir hjálpuðu til við að setja dagskipulagið upp og veðurfræðingar fóru yfir veðrið og út frá því ákváðu þeir hvaða fötum væri best að klæðast í

útiveru.

Lýðræði var haft að leiðarljósi og börnin fengu að velja hvaða viðfangsefni væru í boði á val tímanum. Eitt barn í einu valdi hvaða viðfangsefni var hægt að leika með á val tímanum svo tryggt var að það hafði áhuga á viðfangsefnunum. Þetta kom einnig í veg fyrir að viðfangsefnin væru einsleit eða alltaf þau sömu. Barnið sem setti upp valið fékk síðan að velja fyrst og svo var farið eftir fyrir fram ákveðinni röð svo ekki var um geðþótta ákvörðun að ræða hver var næstur.

Vísdomsstundir þar sem fimm ára gömul börn stunduðu nám voru tvo daga í viku eins og hefur verið síðustu ár og gekk vel.

Tveir leikskólakennarar voru með börnunum í vísdomsstundum og því mikið starf sem fór þar fram því börnin voru fá. Í upphafi skólaárs var rætt og unnið mikið með vináttuna og tilfinningar. Lögð er áhersla á að fara í ferðir með þennan aldurshóp á söfn og staði sem tryggir börnunum fræðslu og nám og það tengist því starfi sem unnið er að hverju sinni í leikskólanum. Þegar líða fer að áramótum er farið að vinna í leiklist, börnin semja sögu, sauma búninga, gera leikmynd og setja söguna á svið. Þetta er mikil og skemmtileg vinna fyrir börnin þau læra að vinna saman, taka tillit hvert til annars, hjálpast að, taka sameiginlegar ákvarðanir, þau þurfa að hlusta á hugmyndir hvert hjá öðru, þau þurfa að getað komið fram með sínar hugmyndir og skoðanir, þau þurfa að læra að bera virðingu fyrir hugmyndum annarra þó þau séu ekki sammála og svona mætti lengi telja.

Samval var á milli Völusteins og Töfrasteins með þriggja ára gömlu börnunum einu sinni í viku. Það var skemmtilegt þar sem öll börnin í árganginum gátu leikið saman og verið á leiksvæðum á Töfrasteini og Völusteini.



Um áramót 2019-2020 hætti deildarstjórinn á Töfrasteini störfum og flutti búferlum út á land. Deildarstjórinn á Völusteini tók þá við deildarstjórninni þar.



Foreldrar komu og fönndruðu með börnum sínum fyrir jólin

Gerðar voru ýmsar breytingar á skipulagi deildarinnar og má þar helst nefna að dyrum á leiksvæðum deildarinnar var lokað á leiktímanum svo minna ráp varð bæði á starfsmönnum og börnum meðan leiktíminn varði. Börnin gátu valið sér einbeitingarviðfangsefni meðan þau skiptust á að fara á snyrtinguna og þvo hendur fyrir hádegisverðinn og síðdegishressinguna. Þetta virkaði vel börnin nutu sín mun betur í leiknum og mikil ró færðist yfir barnahópin.



Hópastarfið var tekið upp aftur í maí af miklum krafti og útikennslan hélt áfram eins og áður. Hópastarfið, útikennslan og Vísðómsstundir voru á sama degi og tíma og gekk það mjög vel.



Úr hópastarfi



Samvinnan er mikil



Útikennsla

Börnin fóru einnig í hreyfistundir á deildinni en þá hjálpuðust þau að við að setja upp íþróttadótið í hreyfibraut með aðstoð starfsmannsins sem sá um umrætt svæði. Börnin voru mjög áhugasöm og dugleg að fara í hreyfistund enda er það börnum eiginlegt að vilja hreyfa sig mikið og ögra sjálfum sér í hreyfiprautum.



Á tímum Covid 19

Covid 19 ástandið fór ekki fram hjá Töfrasteini frekar en öðrum og var skipulagið þar eins og á öðrum deildum, öll börn í fámennum hópum allan daginn. Fataherbergi barnanna var útbúið sem leiksvæði, þangað voru flutt tvö borð og stólar fyrir börnin að leika við, mottur á gólfið og fullt af leikefni. Einnig var listasmiðjan útbúin sem leiksvæði.



Á tímum Covid 19

Öllu sem tilheyrði listasmiðjunni var fundinn staður í skápum og hillum. Borð, stólar, gólfmottur og leikefni var sett í stofuna fyrir börnin. Borðstofunni var skipt í tvennt með skápum svo börnin gátu verið þar í tveimur hópum, sex í hvoru rými.



Á tímum Covid 19



Skólastofan var eitt rými og Búið annað. Þannig tókst okkur að útbúa alla deildina fyrir öll börnin í litlum rýmum og gátum boðið öllum börnunum að vera í leikskólanum samtímis. Foreldrar komu ekki inn í skólann heldur var tekið á móti börnunum við aðalinngang skólans.



Á tímum Covid 19



Náttúrufræðsla í Grasagarðinum

Sumarstarfið 2020 gekk mjög vel. Elstu börnin fóru í ferðir daglega, stundum langar ferðir en þá tóku þau með sér hádegisverð og borðuðu úti í náttúrunni og einnig fóru þau í styttri ferðir en þá komu þau heim í leikskólann í hádegisverð. Börnin voru áhugasöm og hlökkðu til á hverjum morgni að fara í ferð dagsins. Starfsmenn deildarinnar skiptust á að fara í ferðirnar og kom það vel út. Upp úr stendur mikill lærdómur hjá börnunum, vísýni, mikill fróðleikur, umferðin og samgöngur svo eitthvað sé nefnt.

Þegar skólaárið var endurmetið á Töfrasteini kom í ljós að fyrir áramótin hefði þurft að halda betur utan um börnin og starfið og þá sérstaklega í "búinu". Það var of mikið ráp á börnunum út af deildinni. Starfsmannaskipulag var til staðar en starfsmenn hefðu þurft að fara betur eftir því. Það gerðist allt of oft að starfsmaður sem átti að vera með börnunum í "búinu" fór frá, og þá leystist leikurinn oft upp og börnin fóru að rápa út úr búinu og fram í fataklefa. Starfsmenn þurfa því að taka sér tak og vera meiri þátttakendur í starfinu með börnunum og vera til staðar fyrir þau þegar þau þurfa á því að halda. Þetta breyttist eftir áramótin að vissu marki þar sem dyrum var lokað á leiksvæðunum. Starfsmenn þurfa að koma betur inn í leikinn í búinu þegar eitthvað fer úrskeiðis í leiknum og hjálpa börnunum að taka saman og ganga frá leikmunum á sína staði í lok leiks. Allan frágang leikmuna á deildinni þurfa starfsmenn að skoða betur fyrir næsta skólaár, hvenær taka á þátt í tiltektinni með börnunum? Halda þarf betur utan um spil og pússluspil og vera vakandi yfir því að hlutir úr þessum leikmunum týnist ekki.

Mikilvægt er að börnin komi að leiksvæðum sínum snyrtilegum og leikföngum og efniviði vel fyrir komið svo þau geti sjálf náð í leikföngin. Einnig þarf að hjálpa og kenna börnunum að ganga vel um eigur sínar í fataklefanum, setja blauta vettlinga og blaut föt í þar til ætlaða fjölnota poka svo þeir tynist ekki. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.

Starfsmenn deildarinnar þurfa líka að ræða betur um í hvaða tónhæð hinir fullorðnu talað við börnin. Eitt af okkar markmiðum er að hinir fullorðnu lækki rödd sína þegar þeir tala við börnin og yfir hópinn því þannig læra börnin að tala lægra sjálf.

Starfsáætlun skólaárið 2019-2020 verður endurtekin skólaárið 2020-2021 fyrir börn á Töfrasteini.

Sjá fylgiskjal 4.

3 Ytra mat

Ytra mat fór fram í leikskólanum Vinaminni haustið 2018. Fagaðilar frá leikskólum Reykjavíkurborgar komu og skoðuðu starfið í eina viku. Einn starfsmaður í einu kom og var hluta úr degi á hverri deild og fylgdist með starfinu með börnunum. Aðrir komu og tóku viðtöl við foreldra, starfsmenn og börnin.

Í niðurstöðum ytra matsins kom fram að starfið með börnunum, foreldrum og starfsmönnum er mjög gott en allt sem heitir skráningar og opinber birting var ábótavant. Þátttaka barnanna í að skipuleggja og endurmeta nám sitt var ábótavant, markmiðssetningar þeirra og skráðar reglur sem þau gera sjálf.

Þó skráningar væru til staðar vantaði að hafa skráningar á námi barnanna sýnilegar fyrir foreldra. Það er ljóst að mikill tími fer í gera skráningar á námi barnanna sýnilegar og þurfum við starfsmenn skólans að skoða og ígrunda auðveldar, fljótvirkar og áreiðanlegar aðferðir til slíks skráningarferlis svo það komi sem minnst niður á starfinu með börnunum.

Niðurstöður ytra matsins verða notaðar í umbótaáætlun fyrir skólastarfið.

Sjá fylgiskjal 5.

4 Starfsmannasamtöl og fræðsla

Starfsmannasamtöl eru hafin fyrir skólaárið 2019-2020 og verður framhaldið í ágúst skólaárið 2020-2021. Starfsmenn fá tækifæri til að undirbúa sig fyrir samtölin. Í starfsmannasamtölum ræða leikskólastjóri og starfsmenn, einn starfsmaður í einu hvar þeir telja sig vera stadda í starfi skólans og hvaða markmiðum og þróun þeir vilja ná í starfinu.

Samtölin eru skráð og starfsmenn skólans gera sér áætlun og markmið um það í hverju þeir vilja bæta sig í starfinu og hvernig þeir ætla að framkvæma það fram að næsta samtali.

Starfsmenn ræða meðal annars um ánægju og líðan í starfi, það sem starfsmenn telja sig gera vel, samskipti og starfsanda á vinnustaðnum, vinnuaðstöðu, vinnuálag og kröfur, samskipti við foreldra, stjórnun á vinnustað og það sem starfsmenn telja sig geta gert betur í starfi. Að lokum setja starfsmenn sér markmið þar sem þeir ætla að bæta sig í starfi. Markmiðin eru skráð og geymd til næsta samtals en þá verður athugað hvernig gekk að ná markmiðunum, farið yfir stöðu líðandi stundar og gerð ný markmið.

Fræðsla starfsmanna/endurmenntun

Í áætlun um fræðslu starfsmanna skólans er miðað við að hver starfsmaður fari á námskeið, eða fái fræðslu í formi fyrirlestra, námskeiða eða annars konar fræðslu sem nýtist starfsmönnum í starfinu með börnunum að minnst tvisvar á ári.

Starfsmenn skólans hafa sótt eftirfarandi námskeið á skólaárinu 2019 - 2020:

Fyrirlestrar og námskeið fyrir starfsfólk voru aðeins á haustönninni vegna þess að í samkomubanninu var ekki hægt að halda eða sækja námskeið.

Tveir leikskólakennarar fóru á námskeið um „Tengslamyndun hjá leik- og grunn-skólabörnum“ hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Einn leikskólakennari fór á námskeiðið „Kvennum nýja færni“ hjá Greiningarstöð ríkisins.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á morgunverðarfund 31. janúar hjá Rannung um hlutverk leikskólastjóra.

Einn stuðningsaðili fór á námskeið í „Tákn með tali“ í Gerðubergi.

Einn starfsmaður fór á „Fagnámskeið 1“ haustið 2019 og „Fagnámskeið 2“ vorið 2020 hjá Eflingu.

Einn stuðningsaðili fór á „námskeið í skráningum“ hjá Greiningarstöð ríkisins.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skólans fóru á „dag skólastjórans hjá SSSK“ og fengu fræðslu frá öðrum skólum og fyrirtækjum.

Allt starfsfólk fékk námskeið hjá Elvari Hallgrímssyni á skipulagsdegi 5. ágúst 2019 hann fór með okkur í sjálfsskoðun og samskipti.

Tveir leikskólakennarar skráðu sig á námskeiðið „Hljóðamælirinn“ hjá Bryndísi Guðmundsdóttir talmeinafræðingi en það féll niður vegna Covid 19 og leikskólakennararnir eru í forgangi á næsta námskeið hjá henni.

5 Samstarf/skil til grunnskóla

Samstarf Vinaminnis við grunnskóla er með öðrum hætti en gengur og gerist hjá öðrum leikskólum. Orsakast það einungis af því frá hve mörgum bæjarfélögum börnin koma og það segir sig sjálft að ekki er hægt að vera í samstarfi við þá alla. Undanfarna vetur hefur samstarfið verið á þá leið að deildarstjóri hefur haft samband við grunnskóla þeirra barna sem útskrifast úr Vinaminni og fengið að slást í hóp annarra leikskóla sem eru með meira samstarf. Það hefur gefist vel og börnin farið glöð að skoða sinn skóla. Aðalnámskrá leikskóla segir að samstarf skuli haft við grunnskóla og er það því í skoðun hvernig því verður best við komið. Uppi eru hugmyndir um að ræða við skólastjórnendur Seljaskóla og skipuleggja samstarf við þá. Hugmyndin er að fá að koma í heimsóknir í grunnskólann reglulega yfir veturinn og börnin fái að upplifa saman heimsóknirnar. Þau fái að koma í kennslustund hjá 1. bekk, í bókasafnið, ípróttahúsið o.s.frv. Síðan yrði grunnskólabörnunum boðið í heimsókn í leikskólann. Að vori færu svo börnin í heimsóknir í sína hverfis-grunnskóla, eins og verið hefur, og kynnast þá þar sínum grunnskóla betur, aðstæðum, húsakynnum o.s.frv.

Á hverju vori hefur deildarstjóri samband við þá grunnskóla sem börnin eru að fara í og boðar til fundar vegna skólaskila. Mjög ítarlegir fundir eru haldnir vegna barna með sérþarfir og/eða hafa farið í gegnum greiningarferli í leikskóla. Það er gert til að brúa bilið enn betur milli skólastiga því oft reynist sú breyting erfið börnum með sérþarfir. Þá kemur saman teymi frá leikskóla, grunnskóla og þjónustumiðstöð og fer yfir málin. Oftast sitja foreldrar þessa fundi líka. Ítarlegri skýrslu frá leikskóla er einnig skilað til grunnskóla, einskonar samantekt um þroskaferli barnsins og þær aðferðir sem notaðar hafa verið og gefist vel. Fyrir þau börn sem ekki eru með sérþarfir/greiningar er gerð stutt greinargerð sem skilað er til deildarstjóra yngsta stigs ásamt niðurstöðum úr HLJÓM2.

LÆM - Læsi allra mál - samstarfsverkefni leik- og grunnskólanna í Breiðholti.

Þjónustumiðstöð Breiðholts fór af stað með þróunarverkefni með LÆM „læsi allra mál“ í leikskólum og grunnskólum í Breiðholti vorið 2015. Við í leikskólanum Vinaminni tökum þátt í þessu mikilvæga og stórskemmtilega verkefni.

Málörvun var aukin til muna í starfinu, sögustundum var fjölgað á öllum deildum skólans, starfsmenn voru vakandi yfir því að hafa orð á hlutum og athöfnum auk þess að taka bók í hönd og lesa fyrir eitt eða fleiri börn ef tækifæri gafst. Bókakrókum á deildum var fjölgað og börnin voru dugleg að fara í bókakrókana og skoða bækur. Söngurinn var að sjálfsgöðu á sínum stað í starfinu, en í Vinaminni hefur söngurinn alltaf haldið velli og verið vinsæll gleðigjafi.

Síðan LÆM fór af stað hefur málörvun aukist mikið í öllum leikskólanum og er málörvun eins og rauður þráður gegnum allt leikskólastarfið. Leikið er með orð og

orðasambönd og á elstu deildinni eru spiluð málörvunarspil, leikið með stafakubba, börnin kubba orð og skrifa þau svo á tússtöflu. Einnig er unnið með sögugerð, rím og orðhlutaeyðingu. Unnið er mikið með málhljóðin hans Lubba, (*Lubbi finnur málbein*) á öllum deildum. Unnið verður með TMT (tákn með tali) á öllum deildum skólans skólaárið 2019-2020

6 Foreldrasamvinna

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl barnsins í leikskólanum og góðri líðan þess. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og opnum samskiptum. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og taka þátt í starfinu.

Markmið:

- Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- Að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- Að afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra
- Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- Að skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna

Aðlögun

Foreldrar eru boðaðir á fund áður en barnið byrjar í leikskólanum þar sem leikskólastjóri kynnir leikskólann og starfsemi hans fyrir foreldrum. Kynnt eru markmið og leiðir leikskólans, leiksvæði og starfsfólk. Foreldrar fá þá einnig upplýsingar um foreldrafélagið, foreldraráð og starfsemi þess og þeir veita þær upplýsingar um barnið sem nauðsynlegt er að starfsfólk leikskólans hafi. Foreldrar af erlendum uppruna fá sömu upplýsingar og íslenskir foreldrar, og er þjónusta túlka nýtt ef þess þarf.

Aðlögun barna fer þannig fram að leikskólakennari tekur á móti barninu og er með það í aðlögun þann tíma sem þarf til að barnið öðlist öryggi í leikskólanum. Fyrsti dagurinn er heimsókn þar sem barnið kemur með foreldri/foreldrum og dvelur aðeins í klukkustund. Síðan fer það eftir einstaklingunum hversu langan tíma aðlögunin tekur og hve lengi foreldrar þurfa að vera með barninu. Lögð er áhersla á að aðlögunin fari rólega fram og barnið sé aldrei svo lengi í leikskólanum í einu að það verði órólegt og þreytt. Mikilvægt er að barnið fari ánægt heim á hverjum degi og hlakki til að koma í leikskólann næsta dag. Reiknað er með að aðlögunartíminn sé rúm vika eða þar til barnið er komið í fullan dvalartíma.

Morgunverður með foreldrum

Foreldrum og börnum er boðið að borða saman morgunverð í leikskólanum á föstudagsmorgnum. Í boði er hafragrautur, brauð með ýmiss konar áleggi, kaffi og mjólk. Þetta er engin skylda en foreldrar geta komið þá föstudagsmorgna sem henta þeim. Morgunverðurinn er í boði frá kl. 07:30 til kl. 09:00. Það er gaman að segja frá því hvað þetta hefur fengið góðar undirtektir hjá foreldrum og starfsmönnum. Samskipti foreldra og starfsfólks hafa eflst mikið. Þetta er kærkominn vettvangur til að spjalla smá stund um daginn og veginn. Foreldrar kynnast öðrum foreldrum og segja má að í Vinaminni ríki afslappað andrúmsloft og trúnaðartraust milli starfsfólks og foreldra. Mikilvægt er að foreldrar upplifi að þeir eru velkomnir í skóla barnsins síns.



Í tilefni menningarhátíðar var foreldrum boðið að taka þátt í flæði í leikskólanum.



Óformleg dagleg samskipti

Það gefst auðveldlega kostur á daglegum samskiptum við foreldra í leikskólanum. Foreldrar koma alltaf inn á deildina með barni sínu á morgnana, þá geta þeir rætt við deildarstjóra barnsins ef þeir þurfa að koma skilaboðum til hans um t.d. hvernig barnið svaf um nóttina eða annað sem foreldrum finnst mikilvægt að komist til skila til deildarstjórans. Foreldrar og starfsfólk spjalla saman þegar börnin eru sótt í skólann og þá geta foreldrar fengið vitneskju um hvernig dagurinn gekk hjá barninu. Þessi óformlegu daglegu samskipti eru nauðsynleg til að efla gott samstarf milli heimilis og leikskóla svo foreldrum og barni líði vel.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru einu sinni til tvisvar á ári. Foreldrum barna, annarra en þeirra sem eru nýbyrjuð í skólanum, er boðið viðtal við deildarstjóra barns síns í október ár hvert. Í febrúar eru allir foreldrar boðaðir í viðtal til deildarstjóra og foreldrar fá þá nána vitneskju um hvernig barnið stendur í alhliða þroska í leikskólanum. Hvernig líður barninu í barnahópnum, á það einhverja vini, hvernig er málþroskinn, vitsmunaprósinn, hreyfiproskinn o.s.frv. Hér fá foreldrar og deildarstjóri tækifæri til að ræða um hvaða viðfangsefni fanga barnið, hvað það velur á val tímanum, hvort fjölbreytni er í vali barnsins eða velur það oft sömu leiksvæði og sömu viðfangsefni. Auk þessara föstu viðtala geta foreldrar fengið viðtal við leikskólakennara síns barns eða leikskólastjóra eftir þörfum. Leikskólakennarar boða foreldra í viðtöl á öðrum tímum ef þörf er á.

Foreldraviðtöl með foreldrum af erlendum uppruna eru með sama hætti og fyrir íslenska foreldra, fyrir foreldra sem eiga erfitt með að skilja íslenskuna er fenginn túlkur til að allar upplýsingar um stöðu barnsins komist vel til skila til foreldranna og eðlilegar umræður um starf skólans geti átt sér stað. Ef börn af erlendum uppruna þurfa stuðning við að læra íslenskuna eða vegna annarrar seinkunar í þroska fer af stað fagteymi, þ.e. þá funda allir sérfræðingar sem koma að málum barnsins auk foreldra reglulega. Á þeim fundum er farið yfir mál barnsins, stöðu þess í skólanum, stuðning barnsins í skólanum og annað sem málið varðar. Dagleg upplýsingagjöf til þessara foreldra er gerð með samtali við deildarstjóra þegar komið er með barnið í leikskólann eða þegar það er sótt, notast er við myndir, Google Translate, ensku (sem langflestir geta notað) og annað sem hentar hverju sinni.

Foreldrafélag

Starfandi er mjög öflugt foreldrafélag í leikskólanum. Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum fyrir börnin, ýmist inni í leikskólanum eða utan hans. Foreldrar greiða

mánaðarlega í sjóð foreldrafélagsins en greitt er úr þeim sjóði fyrir viðburði sem foreldrar fá í leikskólann fyrir börn sín.

Markmið foreldrafélagsins eru:

- Að efla samskipti foreldra við skólann
- Að stuðla að fræðslu til foreldra
- Að veita stjórnendum skólans stuðning og aðhald við rekstur hans
- Að efla tengsl barna og foreldra

Foreldraráð

Foreldraráð skipa foreldrar úr foreldrafélaginu. Foreldraráð starfar fyrir foreldrafélagið og tekur ákvarðanir um þau mál sem snúa að foreldrum. Í foreldraráðinu starfa fimm fulltrúar foreldra og einn fulltrúi starfsmanna leikskólans. Kosið er í stjórn félagsins árlega á foreldrafundi að hausti í ágúst eða september.

Fundir foreldraráðsins

Foreldraráðið heldur fundi 4 sinnum á ári og skipuleggur störf félagsins.

Ýmsir viðburðir á vegum foreldrafélagsins

Leiksýningar: Fastur liður í starfinu er að foreldrafélagið býður börnunum að sjá jólaleiksýningu í desember í leikskólanum og aðra sýningu á vorönn. Þetta kennir börnunum að meta menningu og listir auk þess sem þetta er yndisleg skemmtun fyrir börnin og brýtur upp daglega starfið í leikskólanum.

Jólaball: Jólaballið okkar er haldið í samvinnu við foreldrafélagið. Danshöllin í Drafnarfelli er fengin til afnota fyrir jólaballið svo foreldrar geti tekið þátt í skemmtuninni með börnum sínum.

Vorferð: Á vorin fara börn, foreldrar og starfsfólk saman í sveitina að skoða dýrin. Síðastliðið vor var dýragarðurinn á Stóra Hálsi heimsóttur.

Sumarhátíð: Í næst síðustu vikunni fyrir sumarfrí er haldin vegleg sumarhátíð í samvinnu við leikskólann. Garðurinn er skreyttur með blöðrum og veifum sem börnin hafa útbúið. Börnin syngja fyrir foreldra og aðra gesti. Foreldraráð býður börnunum upp á skemmtun, ýmist heimatilbúna eða aðkeypta. Börn, foreldrar og starfsfólk skemmta sér saman hluta úr degi fyrir sumarfríið, leika, spjalla og borða grillaðar pylsur og kjúkling. Allir fara á vit ævintýra í sumarfrí eftir nokkra daga, allt eftir því hvað hver og ein fjölskylda hefur ákveðið.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Í leikskólanum Vinaminni eru tveir skipulagsdagar á ári þar sem leikskólinn er lokaður. Fyrri skipulagsdagurinn er í beinu framhaldi af sumarfríinu en þá koma börnin degi seinna í skólann. Á þessum skipulagsdegi er haldinn starfsmannafundur, farið er yfir starfsáætlun skólaársins og rifjaðar upp áherslur í starfinu komandi skólaár, farið er yfir skóladagatal og annað sem nauðsyn krefur. Skóladagatalið er síðan hengt upp á deildum svo allir geti fylgst með og rifjað upp viðburði og sérstaka daga. Starfsmenn hvernar deildar fyrir sig fara á sínar deildir og gera allt tilbúið fyrir komu barnanna í skólann næsta dag. Skipst er á leikefni milli deilda eftir því sem þörf er á hverju sinni. Ef dagskrá dagsins rúmar fyrirlestur fáum við til okkar fyrirlesara sem er með fræðslu sem nýtist öllu starfsfólki í starfinu með börnunum.

Síðari skipulagsdagurinn er haldinn 5. ágúst 2019. Þann dag fáum við fyrirlestur um málefni sem er í brennidepli í starfi skólans það skiptið.

Aðrir skipulagstímar og fræðsluefni eru höfð eftir vinnutíma yfir skólaárið. Deildarstjórufundir og deildarfundir eru haldnir reglulega í vinnutíma og skiptast starfsmenn annarra deilda á að sjá um börnin í útiveru þeirrar deildar sem er með fund. Ef svo vill til að ekki er hægt að halda fund í vinnutíma er hann haldinn eftir vinnutíma.

Sjá fylgiskjal 6.

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Fylgiskjal 7.

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fylgiskjal 8.

Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 9.

8 Fylgigögn

Meðfylgjandi fylgiskjöl, alls níu talsins, eru í sér skrá.

NAFN DEILDAR: Álfasteinn

Fylgiskjal 1

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf							
Stjórnun	Einkunnarorð/gildi leikskólans verði sýnileg á veggjum	Unnið með einkunnarorð og gildi í starfi skólans. Einkunnarorð sýnileg á veggjum skólans.	Deildar-stjórar	8. ágúst 2019	1. maí 2020	Deildarfundir, skráningar	Einkunnarorð og gildi skólans séu nýtt í starfi skólans og sýnileg á deildinni.
Námssvið leikskólans	Ritmál verði sýnilegt	TMT tekið upp á deildinni hengt upp, sýnilegt. Heiti á hlutum hengt upp, sýnileg.	Deildar-stjórar	8. ágúst 2019	1. sept 2019	Metið á deildarfundum, skráningar.	Að ritmál verði sýnilegt á deildinni.
	Unnið er með heimamenningu allra barna.	Þjóðfánar barnanna eru sýnilegir í skólanum. Myndir af heimilum barnanna sýnilegar á deild.	Deildar-stjórar	2. október 2019	1. maí 2020	Deildarfundir, skráningar	Unnið með heimamenningu allra barnanna.

NAFN DEILDAR: Dvergasteinn

Fylgiskjal 2

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf							
Uppeldi, menntun og starfshættir	Fara vel yfir efnivið deildarinnar og passa að hann sé krefjandi fyrir börnin	Skipuleggja efnivið og verkefni barnanna vel, sjá til þess að hann sé krefjandi fyrir börnin. Passa að bæta við verkefnum þegar börnin þurfa meira krefjandi viðfangsefni.	Deildarstjóri	8. ágúst 2019	1. maí 2019	Fylgjast með hvernig börnin nýta viðfangsefnið, skráningar umræður á deildarfundum, skráningar.	Að börnin fái krefjandi og þroskandi viðfangsefni og þau gleymi sér í leik inni á deild
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Leyfa börnunum að vera með í ráðum með viðfangsefni skipulagðra stunda.	Vera með myndir af viðfangsefnunum sem er í boði í skipulögðum stundum, leyfa börnunum að velja viðfangsefni skipulagðra stunda.	Deildarstjóri	8. ágúst 2019	1. maí 2019	Skrá hvaða börn tóku þátt í að velja hverju sinni svo allir fái tækifæri til að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda. Umræður á deildarfundum, skráningar.	Börnin séu þátttakendur í viðfangsefni skipulagðra stunda.
	Leyfa börnunum að ráða hvað þau leika með í frjálsum stundum, innan vissra marka.	Hafa viðfangsefni barnanna í þeirra hæð og dótakassar merktar með myndum svo þau geti gengið að þeim og náð sér í viðfangsefni.	Allir starfsmenn	8. ágúst 2019	1. maí 2019	Skráningar á hvaða viðfangsefni höfðu til barnanna, hvað nýtist best í starfinu, hvað er það sem börnin hafa ekki áhug á. Skráningar, umræður á deildarfundum og skráningar.	Að börnin geti valið sér verkefni í frjálsum leik og geti gengið frá eftir sig.

Námssvið leikskólans	Styðja betur við máltöku barnanna með því að bæta við ritmáli, tölustöfum, myndum, TMT og Lubba.	Vera með orð á hlutum sýnileg á deildinni, bókstafi og tölustafi. TMT myndir, og myndrænt dagskipulag. <i>Lubbi finnur málbein, sögur, söngvar og málhljóðin unnin með börnunum.</i>	Deildarstjóri	8. ágúst 2019	1. maí 2019	Skráningar á hvað er unnið með hverju sinni, málhljóð, tölur, söngvar o.s.frv. Umræður á deildarfundum, skráningar.	Að styðja við máltöku barnanna með því að bæta við ritmáli tölustöfum, myndum, TMT og Lubba.
	Vinna markvisst með sjálfbærni og vísind	Vinna með einingakubba með börnunum. Nota myndvarpa, ljósaborð, segulkubba og sull. Flokka rusl með börnunum.	Deildarstjóri	8. ágúst 2019	1. maí 2019	Nota skráningar til að fylgjast með áhuga barnanna. Umræður á deildarfundum og skráningar	Að börnin fái tækifæri til að vinna með sjálfbærni og vísindi.

NAFN DEILDAR: Völusteinn

Fylgiskjal 3

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Að börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda.	Leyfa börnunum að velja verkefni sem eru í boði á leiksvæðunum í vali og í stöðvavinnu nema um sérstaka innlögn sé að ræða	Valstjóri	8. ágúst 2019	1. maí 2020	Skráningar á vali barnanna á viðfangsefni. Umræður á deildafundum og skráningar á deildarfundum.	Að börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda
	Leitað verði eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra þær.	skólaárið 2019-2020 verða hugmyndasmiðjur með skapandi efnivið einu sinni í viku. Þar fá börnin tækifæri til að skapa og útfæra sínar hugmyndir og gera tilraunir. Eins verður myndrænt val um viðfangsefni í smíðju.	Deildarstjóri	8.ágúst 2019	1. maí 2020	Myndskráningar, umræður við börnin, skráningar, deildafundir og fagfundir, skráningar	Að sköpunargleði og hugmyndflæði barnanna fái að njóta sín með sem minnstum afskiptum starfsmanna fyrir utan aðstoð ef þess þarf.

	Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku	Innlögn á „TMT“verður hluti af daglegu starfi deildarinnar. Börnin skiptast á að velja þrjú táknið hvernar viku. Unnið með „Lubbi finnur málbein“ Myndrænt dagskipulag, setja orð á hluti og athafnir. PECS, lestur, söngur	Stuðningsaðili	8. ágúst 2019	1. maí 2020	Skráningar, samskiptibækur, deildafundir og fagfundir	Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku.
Námssvið leikskólans	Styðja við máltöku og málþroska barna með aukinni ákorun í viðfangsefnum, verkefnum og efnivið.	Innlögn á „TMT“, „Lubbi finnur málbein“ auk fjölbreytts efniviðs. Sögur, söngvar, sögugerð barnanna, teikningar barnanna úr sögum, börnin segja frá myndum og sögum ýmist sem þau hlust á eða gera sjálf. Þulur, vísur, myndir, söngur.	Stuðningsaðili og deildarstjóri	8.ágúst 2019	1. maí 2019	Deildafundir, skráningar Efi2	Að styðja við máltöku barna með aukinni áskorun í viðfangsefnum, efnivið og skapa umræður um myndir, sögur, söngvar o.fl.
	Unnið verði markvisst með sjálfbærni og vísindi.	Umhverfisvernd, flokka rusl. Leikskólatré, gróðursetning grænmetis, endurvinna pappír. Unnið með opinn efnivið, vísindahorn, ljósaborð, segulkubba, smíðaverkefni o. fl.	Deildarstjóri	8. ágúst 2019	1. maí 2020	Deildafundir, umræður við börnin og skráningar.	Unnið verði markvisst með sjálfbærni og vísindi. Virkja lausnaleit og sköpunarhæfileika barna áfram.

	Gera efnivið til sköpunar sýnilegan og aðgengilegan börnunum á deildinni.	Börnin geta valið hvort þau fara í smíðju þar sem þau hafa frjálsan aðgang að fjölbreyttum efniviði til skapandi starfs. Má þar nefna, endurvinnslu á pappír og verðlausan efnivið allskonar, liti, málningu, lím og áhöld. Börnin hafa einnig frjálsan aðgang að verðlausu efni inni á deild. Litir og blöð til að teikna eru alltaf til staðar.	Deildastjóri	8. ágúst 2019	1. maí 2020	Deildafundir, fagfundir umræður við börnin og skráningar.	Að efniviður til sköpunar sé sýnilegur og aðgengilegur börnunum svo sköpunargáfa þeirra fái að njóta sín og þau geta þróað sínar hugmyndir.
--	---	---	--------------	---------------	-------------	---	---

NAFN DEILDAR: Töfrasteinn

Fylgiskjal 4

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf							
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulagningu starfsins.	Skipulag útbúið til að halda utan um hvaða barn ákveður hvaða leikefni er í boði.	Deildarstjóri	8. ágúst 2019	1. maí 2020	Skráð hver velur í sérstaka möppu Skráð hvaða leikefni er valið. Skráð hvað hvert barn velur. Metið á deildarfundum og umræðum.	Aukið lýðræði í vali á viðfangsefni. Að hvert barn fái að setja upp val 2x yfir veturinn til að leggja sitt af mörkum í vali á viðfangsefni.
Námssvið leikskólans	Unnið verði markvisst með sjálfbærni og vísindi og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi	Umhverfisvernd, flokka rusl, leikskólatré, gróðursetning grænmetis, endurvinna pappír. Tilraunir barnanna með verðlaust efni, segla, ljósaborð, smíði o.s.frv.	Deildarstjóri	8. ágúst 2019	1. maí 2020	Í umræðum við börnin, framförum, áhuga og þátttöku þeirra í starfinu með sjálfbærni. Skráningar, myndskráningar, myndskráningar í ferilmöppur barnanna. Umræður á deildarfundum. Skráningar.	Unnið verði markvisst með sjálfbærni og vísindi. Kenna börnunum að hugsa vel um náttúruna. Efla áhuga á vísindum.
	Skráning á námi barna eru sýnilegar á deild	Taka myndir í daglegu starfi. Gera myndaskráningu og sýna hvað börnin eru að læra m.t.t. aðalnámskrár.	Deildarstjóri	8. ágúst 2019	1. maí 2020	Með skráningu og umræðum á deildarfundum og deildarstjórafundum.	Myndskráning 1x í mánuði og svo bætist við skráninguna í hverjum mánuði. Skráning sýnileg til að starfsmenn og foreldrar geri sér grein fyrir hvað barnið lærir gegnum mikilvægustu námsleiðina, leikinn.

Umbótaáætlun leikskólans Vinaminnis skólaárið 2019-2020

Fylgiskjal 5

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1. Stjórnun							
Stjórn- andinn sem faglegur leiðtogi	Leikskólastjóri hvetji leikskólakennara og annað starfsfólk markvisst til að auka sífellt gæði náms og starfs.	Á deildarfundum, starfsmannafund-um og í hinu daglega starfi verða starfsmenn hvattir til að auðga starf sitt með börnunum. Skráningar. Starfsfólk hvatt til að fara á námskeið sem hentar starfsemi skólans. Starfsmönnum hrósað.	Skólastjóri	7. ágúst 2019	1. maí 2020	Á fagfundum, deildarfundum, í hinu daglega starfi og í starfsmannasamtölum. Skráningar.	Ánægðara, virkara og áhugasamara, starfsfólk í starfinu með börnunum með því að auka sífellt gæði náms og starfs.
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Starfsþróunarsamtöl nú tekin a.m.k. einu sinni á ári.	Ferli hafið	Skólastjóri	6. feb. 2019	1. okt. 2019	Hefðbundið starfsmannasamtal þar sem starfsmenn koma sínum málum á framfæri. Starfsmannasamtal skráð.	Ánægðari starfsmenn Starfsmannasamtöl eru tekin árlega.
	Niðurstöður starfsþróunarsamtala séu og skráðar og þeim fylgt eftir.	Ferli hafið	Skólastjóri	6. feb 2019	1. maí 2019	Hvernig gengur starfsmönnum að vinna að markmiðum sínum. Markmið skoðuð í næsta samtali Skráð og niðurstöðum fylgt eftir.	Niðurstöður starfsþróunar samtala séu skráðar og þeim fylgt eftir.

Faglegt samstarf	Að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf í leikskólanum.	Skapa umræður á starfsmannafundum og deildarfundum um lýðræði í leikskólanum.	Skólastjórar	1. sept 2019	1. maí 2020	Metið á fag- og deildarfundum, starfsmannaviðtölum og foreldraviðtölum. Skráningar	Lýðræðislegar áherslur verði skýrar í stefnu leikskólans í nýrri námskrá sem verður gefin út nóv. 2022
Leikskóla-þróun og símenntun	Að starfsfólk sé hvatt til að leita leiða til að efla sig í starfi.	Stjórnunarteymi hvetur annað starfsfólk til að koma með hugmyndir og framkvæma þær í starfi skólans	Stjórnunarteymi	8. ágúst 2019	1. maí 2020	Umræður við starfsfólk um Vinnubrögð, leiðir og frumkvæði í starfi. Skráningar og unnið með niðurstöður.	Að starfsfólk sé hvatt til að leita leiða til að efla sig starfi.
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Starfsáætlun er unnin árlega með þátttöku aðila leikskólasamfélagsins.	Starfsfólk, foreldrar og börn verða aðilar að gerð starfsáætlunar ár hvert	Skólastjórar	1. maí 2019	Lok júní 2020	Foreldrar Skóla-og frístundasvið	Starfsáætlun sé unnin með þátttöku aðila leikskólasamfélagsins

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
30. Uppeldis- og menntastarf							
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda. Leitað sé eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær.	Í skipulögðum stundum eins og í Vísdomsstundum og í hópastarfi er unnið með könnunaraðferðina þar sem börnin ákveða sjálf viðfangsefnið sem unnið er með. Börnin koma með hugmyndir að verkefnum tengdum efninu og kennararnir hjálpa þeim að útfæra þær.	Deildarstjórar	8. ágúst 2019	1. maí 2020	Umræður við börnin, skráningar og myndskráningar. Unnið með niðurstöður til umbóta.	Að börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda og leitað sé eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær.
	Börnin hafi val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik.	Börnin velja hvað þau leika með í skipulögðum stundum og frjálsum leik.	Allir starfsmenn	1. feb. 2019	1. maí 2020	Umræður við börnin og skráningar. Myndskráningar	Börnin hafi val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik. Allir með, allir ánægðir í leik og starfi.
Námssvið leikskólans	Unnið verði markvisst með menningu í leikskólanum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi.	Unnið verður markvisst að íslenskri menningu með börnunum. Þeim kennd gömul lög, þulur, þjóðsögur og ævintýri og unnið með það. Íslenskar hefðir og tyllidagar eru í hávegum höfð o.s.frv.	Deildarstjórar	8. ágúst 2019	1. maí 2020	Börnin læri gömul lög og texta, vinni með þulur, þjóðsögur og íslenska tyllidaga. Umræður og skráningar.	Að börnin verði meðvituð um íslenska menningu og þjóð, gamlar hefðir og tyllidaga
Mat á námi og velferð barna	Gera reglulegar skráningar á framförum allra barna.	Matsblað fyrir foreldra og kennarar skrá framfarir reglulega, ferilmappa EFl2 3,2 ára Hljóm2 fyrir 5 ára	Deildarstjórar	15. ágúst 2019	30. júní 2020	Skoða skráningar. Að fylgjast með að framfarir í þroska séu eðlilegar og grípa inn í ef þörf er á . skrá niðurstöður	Reglulegar skráningar séu gerðar á framförum allra barna.

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
31. Mannauður							
Fagmennska starfsfólks							
	Hugmyndum um nýjungar í starfsháttum sé vel tekið.	Í daglegu starfi og á deildarfundum og starfsmannafundum er starfsfólk hvatt til að koma með hugmyndir að starfsháttum og nýjungum í starfinu.	Fagfólk	15. sept 2019	1. maí 2020	Á starfsmannafundum, fagfundum, í virkni starfsfólks. Skráningar. Þróun starfsins.	Starfsfólk sé hvatt til að koma með hugmyndir að nýjungum í starfsháttum.

MATS ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1. Innra mat							
Skipulag og viðfangsefni							
	Mat og ígrundun leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum verði liður í daglegu starfi þeirra.	Ígrundun starfsmanna á eigin starfsháttum verði á skipulagsdögum og deildarfundum. Ígrundun	Stjórnunar teymi	8 ágúst 2019	1. júní 2020	Deildarfundir. Starfsmannafundir. Starfsmannasamtöl. Önnur viðtöl við stjórnendur skólans. Fundir. Skráningar.	Ígrundum og mat starfsmanna á eigin starfsháttum sé liður í daglegu starfi.
	Meta öll markmið skólanámskrár markvisst og reglubundið.	Á fag- og deildarfundum verða nokkur markmið metin mánaðarlega yfir allt árið	Skóla stjórarar	15. ágúst 2019	Nóv 2022	Fagfólk og annað starfsfólk skólans ígrundar markmið skólanámkrár. Ath. skráningar, fundargerðir.	Að öll markmið skólanámskrár verði metin og endurgerð ef þarf áður en ný skólanámskrá kemur út.

Fylgiskjal 8

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Þegar börn með annað móðurmál en íslensku byrja í Vinaminni fer af stað mikilvæg þjálfun á íslensku máli með börnunum, skráning og athugun. (fer það eftir aldri barnanna t.d. fær eins árs gamalt barna sömu þjálfun og önnur börn sem eru að ná færni í máltöku).

Ef kemur í ljós að málskilningur barnanna á íslensku er mjög slakur er strax hafist handa við markvissa orðainnlögn. Börnin fá einstaklingsþjálfun ef þess er nokkur kostur, lesið er fyrir þau, bent á myndir og sagt hvað er á myndunum. Mikilvægt er að börn með annað móðurmál en íslensku séu „böðuð“ í íslensku máli í leikskólanum. Höfð skulu orð á hlutum og athöfnum og börnunum hjálpað að hafa samskipti á íslensku við önnur börn og starfsfólk og þeim leiðbeint í hinu daglega lífi í leikskólanum. Skráningar til að sjá styrkleika og veikleika í máli barnanna eru mikilvægar svo hægt sé að vinna markvisst með börnunum í að ná færni á íslensku máli. Ýmsar leiðir eru notaðar til að auðvelda börnunum að ná tökum á íslenskunni. Má þar nefna myndrænt dagskipulag, samskiptabækur sem fara heim með börnunum og kennarar og foreldrar skrifa hvað börnin hafa gert í skólanum og heima. Foreldrar geta rætt við börnin heima á sínu tungumáli um hvað þau gerðu í skólanum og kennarar ræða við börnin á íslensku hvað þau gerðu heima. Þannig tengist málið athöfnum barnsins dagsdaglega og það þjálfast í málskilningi og tjáningu.

Skimanir eins og EFI2, AEPS og TRAS eru góð hjálpartæki til að fylgjast með málþroska barnanna. *Lubbi finnur málbein* er skemmtileg og áhrifarík leið til að kenna börnum málhljóðin, sögur og söngvar. Lubba eru einnig skemmtilegar og efla auðveldlega málþroska barna. Á næsta skólaári mun TMT (tákn með tali) verða lagt inn á öllum deildum skólans.

Sérkennslustjóri/leikskólastjóri sér til þess að börn sem fá greiddan stuðning fái þjálfun í íslensku daglega. Listar eru fylltir út og staða barnanna skráð. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börnin og unnið samkvæmt þeim.

Leikskólastjóri sér til þess í samráði við deildarstjóra að foreldrar sem tala ekki íslensku fái upplýsingar og ráðgjöf á sínu máli um börnin. Foreldrar barna með málþroskafrávik koma á samráðsfundi í leikskólanum með fagaðilum ÞB, túlk, leikskólastjóra og deildarstjóra eins oft og þarf hverju sinni. Stundum eru fundir haldnir með stuttu millibili, stundum líður lengri tími á milli samráða. Fer það eftir þörfum hvers máls hverju sinni. Í daglegum samskiptum við foreldra er stuðst við Google Translate, ensku, myndir, starfsmenn sem tala tungumál viðkomandi aðila og annað sem foreldrar hverju sinni vilja.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn skóla:

Leikskólinn Vinaminni

ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ		
1	L		1	Þ	Setning Vísdomsstunda	1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M	Vettvangsferðir, klippa greinar	1	F	Skírdagur	1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ	Annar í hvítasunnu	1	F	skil á starfsáætlun
2	S		2	M		2	F		2	M	Börnin byrja á jólagjöfum	2	M	jólafundurdagur/for	2	L		2	Þ		2	Þ		2	F	Föstudagurinn langi	2	S		2	M		2	F	Síðasti dagur fyrir sumarfrí
3	M	Frídagur verslunarmanna	3	F		3	L		3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L	
4	Þ		4	F		4	S		4	M		4	F	jólafundurdagur/for	4	M		4	F		4	F		4	S	Páskadagur	4	Þ		4	F		4	S	
5	M	Skipulagsdagur	5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F		5	F		5	M	Annar í páskum	5	M		5	L		5	M	Sumarfrí hefst
6	F	Börnin mæta eftir frí	6	S		6	Þ		6	F	Blár dagur/eggn einelti, Hattadagur	6	S		6	M	Prettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F		6	S		6	Þ	
7	F		7	M	Hópastarf byrjar T+V+D	7	M		7	L		7	M		7	F		7	S		7	S		7	M		7	F		7	M	Sjómannadagurinn	7	M	
8	L		8	Þ		8	F		8	S		8	Þ		8	F		8	M		8	M		8	F		8	L	Opið hús í Vinaminni	8	Þ		8	F	
9	S		9	M	Starfsmannasamtöl	9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	F	
	M		10	F		10	L		10	Þ		10	F		10	S		10	M		10	M	Deildarstjóraf. F.h. Fagf. Kl: 13:45-15:45	10	L		10	M		10	F		10	L	
11	Þ		11	F		11	S		11	M	Deildarstjóraf. F.h. Fagf. Kl: 13:45-15:45	11	F	Rauður dagur, jólahúfuda	11	M	Deildarstjóraf. F.h. Fagf. Kl: 13:45-15:45	11	F		11	F	Deildarfundur Töfra	11	S		11	Þ		11	F		11	S	
12	M	Deildarfundur Álfast.	12	L		12	M		12	F	Deildarfundur Töfra	12	L		12	Þ	Deildarfundur Töfra	12	F		12	F		12	M		12	M	Börn í Vísdoms gista	12	L		12	M	
13	F	Deildarfundur Dverga	13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M	Deildarfundur Völu	13	L		13	L		13	Þ		13	F	Uppstigningardagur Útskrift Vísdomsb.	13	S		13	Þ	
14	F		14	M		14	M		14	L		14	M		14	F	Vinaminni 27 ára vasaljósadagur, kaka	14	S		14	S		14	M		14	F		14	M		14	M	
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F		15	M		15	M	Deildarfundur Völu	15	F		15	L		15	Þ	Heiðmerkurferðir	15	F	
16	S		16	M	Útikennsla, dagur ísl náttúru.Grænn dagur	16	F		16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	M	Jólaball Vinaminnis	16	L		16	Þ		16	Þ		16	F		16	S		16	M	bessa viku	16	F	
17	M		17	F		17	L		17	Þ	Deildarfundur Völu	17	F		17	S		17	M		17	M		17	L		17	M		17	F	Þjóðhátíðardagurinn	17	L	
18	Þ	Foreldrafundur Töfrasteini	18	F		18	S		18	M		18	M		18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	S	
19	M		19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F	Sparifatadagur, flæði mömmur og ömmur	19	F		19	M		19	M	Deildarstjóraf. F.h. Fagf. Kl: 13:45-15:45	19	L		19	M	
20	F	Foreldrafundur Völusteini	20	S		20	Þ		20	F		20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F	Deildarfundur Töfra	20	S		20	Þ	
21	F		21	M	Starfsmannasamtöl	21	M		21	L	vetrarsólstöður	21	M		21	F		21	S	Konudagur	21	S		21	M	Barnamenningarhátíð Foreldrar með í flæði	21	F		21	M		21	M	
22	L		22	Þ		22	F		22	S		22	Þ		22	F	Bóndad. Þorrablót lopabema, flæði, p+a	22	M		22	M		22	F	sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ		22	F	
23	S		23	M	Deildarstjóraf. F.h. Fagf. Kl: 13:45-15:45	23	F		23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L		23	Þ		23	Þ		23	F		23	S	Hvítasunnudagur	23	M		23	F	
24	M		24	F	Deildarf. Töfra. e.h.	24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M	Bolludagur	24	M		24	L		24	M	Annar í Hvítasunnu.	24	F		24	L	
25	Þ	Foreldrafundur Dvergasteini	25	F		25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F	Sprennidagur	25	F		25	S		25	Þ	Deildarfundur Völu	25	F		25	S	
26	M		26	L		26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F	Öskudagur	26	F	Gulur dagur, páskaeggjaleit	26	M		26	M	Vísdomsbörn í ferðum	26	L		26	M	
27	F	Foreldrafundur Álfasteini	27	S		27	Þ	Alþjóðl. Bangsad. náttfataball	27	F		27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	F		27	S		27	Þ	
28	F		28	M	Deildarf. Völu e.h	28	M		28	L		28	M		28	F		28	S		28	S	Pálmásunnudagur	28	M		28	F		28	M		28	M	
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ		29	F					29	M		29	F		29	L		29	Þ		29	F	
30	S		30	M	Starfsmannasamtöl	30	F		30	M		30	M		30	L					30	Þ		30	F		30	S		30	M	Sumarhátíð	30	F	
31	M					31	L							31	F	Gamlársdagur	31	S				31	M				31	M					31	L	

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021

Leikskólinn Vinaminni

Asparfelli 10 111 Reykjavík

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Brynjar Þórhallsson formaður

Tinna Ósk Þorvaldsdóttir gjaldkeri

Edith Oddsteinsdóttir meðstjórnandi

Stefanía Eiríka Kristjánsdóttir meðstjórnandi

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Mér finnst starfsáætlunin stórgóð, eins og mér hefur alltaf fundist starfið gott í Vinaminni. Ég verð að segja að viðbrögðin við þessum erfiðu aðstæðum þegar covid 19 var (og er reyndar enn) fannst mér alveg hreint ótrúleg. Alveg magnað hvað þið brugðust hratt við og með þeim hætti að það truflaði fjölskyldur lítið sem ekki neitt, starfið er til fyrirmyndar.

Með kveðju

Brynjar Þórhallsson

Starfsáætlun leikskólans Vinaminnis endurspeglar starf skólans á frábæran hátt. Starfsfólk leikskólans vinnur virkilega flott og öflugt starf með börnunum sem er í takt við starfsáætlunina. Læsi í leik sýnir sig virkilega vel hjá börnum sem útskrifast úr leikskólanum og eru allt í einu orðin læs án þess jafnvel að átta sig á því sjálf. Allur útbúnaður á leikskólanum er til fyrirmyndar og valkerfið sem nýtt er frá því börnin eru mjög ung kennir þeim mikið um sjálfstæða hugsun. Vísdomsstundirnar eru ótrúlega flottar og skila börnunum mjög tilbúnum upp á næsta skólastig. Leikskólinn tekur vel á móti hverju einasta barni á þann hátt að öllum börnum getur fundist það einstakt og fellur ekki í skugga annarra barna.

Tinna Ósk Þorvaldsdóttir

Umsögn um starfsáætlun Vinaminnis 2020

Það var gott að fá í hendur starfsáætlun sem er auðlesanleg og myndefni af starfi barnanna gerði lesninguna svo sannarlega léttari.

Sem hið almenna foreldri sem að treysti fagfólkinu til að setja saman gott lærdómsríkt prógram þá viðurkenni ég fúslega að ég hefði aldrei lesið fylgiskjölin, rétt svona rennt yfir þau. Litirnir rugluðu mig aðeins en þeir eru væntanlega ekki með sérstaka merkingu.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að við foreldrarnir fáum ekki að rýna nægilega mikið inn í starf barnanna en þar sem að ég bæði finn og sé það á mínu barni að honum líður vel, hann tekur þroskaframförum og er glaður í leikskólanum, þá hef ég ekki heimtað meira.

Ég er hárgreiðslukona! Ég átta mig ekki á öllum þessum skráningum, þó er ég búin að lesa allt spjaldanna á milli og koma á fund til útskýringar. Við foreldrarnir viljum bara hafa þetta einfalt, það eru svo margar leiðir til að koma starfinu áleiðis til okkar án þess að brjóta nein persónuverndarlög.

Í það heila er ég mjög sátt við allt sem kemur fram og þetta er frábært starf sem er verið að plana þarna. En þetta er ósköp þung lesning fyrir hinn almenna jón .

Edith Oddsteinsdóttir

Þakklátt foreldri og meðlimur í foreldrafélaginu

Sæl Sólveig

Ég er mjög ánægð með starfsáætluninni hjá ykkur og mér lýst bara mjög vel á það starf sem ég sé að mín dóttir á eftir að upplifa með ykkur.

Ég get ekki sett neitt út á þessa áætlun hún er bara flott.

En ég get sko hrósað ykkur fyrir alveg ótrúlega flott starf.

Í öllu þessu Covid-veseni hafið þið staðið ykkur mjög vel, þegar við foreldra getum ekki hitt ykkur eða komið inn á leikskólann þá komið þið samt myndum, upplýsingum um svefn og hvernig barnið borðaði þann daginn, svo skýrt til okkar, allt sáum við það í gluggum leikskólans.

Ég geri mér grein fyrir því að starfsáætlun ykkar var ekki eins og átti að vera í þessu árferði.

En aldrei datt niður dagur og þið skiptuð hópunum svo vel upp, handþvottur skilaði sér svo vel að mín 2ja ára dóttir er duglegri en eldri systur sínar við handþvott hér heima :)

Ég er mjög ánægð með starfsfólkið það kemur alltaf öllum upplýsingum til mín þó svo maður hafi ekki komið inn á leikskólann, það passar bara að ná að hitta mann í hurðinni og sem móðir þá met ég það mikið

Mér lýst mjög vel á útikennsluna sem þið bjóðið uppá og hlakka til að heyra meira með það. Ég er náttúrulega nýtt foreldri á þessum leikskóla og mér finnst þetta allt mjög spennandi hjá ykkur.

Ég er mjög spennt fyrir málörvunar starfinu (LÆM) hjá ykkur og það aðgengi að bókum og söng sem þið eruð með, og finn ég fyrir mjög svo auknum orðaforða hjá minni stelpu sem er 2ja og get ég miðað hana við eldri systur sínar sem eru 4.

Ég er mjög ánægð með leikskólann og er mjög spennt fyrir náminu sem hefur, og mun fara fram hjá ykkur.

Ég náði ekki að þakka starfsfólkinu á Álfaseini áður en hún Ágústa Líf mín fluttist á nýja deild, en starfsfólkið þar inni eru æði. Litla skottan mín er alltaf svo glöð, það segir meira en öll orð,

og hlakkar mig mikið til að kynnast starfsfólkinu á Dvergasteini. (vonandi er ég ekki að ruglast á deildum :)

Kærar þakkir fyrir allt það starf sem þið leggi á ykkur og þúsund þakkir fyrir það hvernig þið hafið staðið ykkur í Covid- ástandinu.

með kærri kveðju

Stefanía Eiríka Kristjánsdóttir